

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Djúpavogi



Dags eftirlits	27.5.2015	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	725275,57	470435,905

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin önnur athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöð Olíudreifingar á Djúpavogi, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymir hefur verið botnþykktarmældur, lögn þrýstiprófaðuð og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi.

Fram kom við mælingar í olíuskiljunni að engin olía hefur safnast í hana frá síðustu hreinsun og því var skiljan ekki hreinsuð á síðasta ári.

Loki í frárennsli þróar stóð lokaður.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Gerð er athugasemd við girðingu vinstra megnin við aðstöðu/dæluhús. Rof er í girðingunni.

Olíubirgðastöðin á Djúpavogi með vottað umhverfisstjórnunarkerfi og var vottunarúttekt síðast framkvæmd (BSI) í september 2014.

Frávik frá

ákvæði 1.2 í starfsleyfi og 43. grein rg. nr. 035/1994: Olíubirgðatöðvar skulu vera afgirtar með minnst 2.0 m hárrí girðingu sem hindrar óviðkomandi umferð.

Lýsing á fráviki

Rof er í girðingu um olíubirgðastöðinni á Djúpavogi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð.

Reykjavík, 16.06.2015

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.